

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar**

**og**

**Læknafélag Íslands**

**gera með sér svofellt**

**S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**Forsendur og markmið**

Markmið stöðugleikasáttmálans, sem gerður var þann 25. júní 2009 af aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar Íslands, er auk viðreisnar efnahagslífsins meðal annars að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og aðstæður frekast leyfa. Það er þó almenn sátt um að leitast við að tryggja kaupmátt lægstu launa starfsmanna ríkisins. Samkomulag þetta er gert til að ná því markmiði.

**1. grein**

**Gildistími og endurskoðun**

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Leiði endurskoðun á framkvæmd kjarasamninga á almennum markaði fyrir 1. nóvember 2009 til breytinga eða uppsagnar, er með samþykki aðila samnings þessa hægt að taka til skoðunar hvort forsendur séu fyrir sambærilegri endurskoðun. Afstaða til endurskoðunar skal liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2009.

**2. grein**

**Launataxtar**

Frá 1. júní 2010 verður launaflokkur 100-1 skv. gr. 3.1.1 kr. 305.850.

Aðrir launataxtar haldast óbreyttir á samningstímabilinu. Sama á við um greiðslur sem byggjast á bókun 3 með síðasta kjarasamningi um bókun 1 með samningi 5. mars 2006.

**3. grein**

**Persónuuppbót**

Persónuuppbót í desember verður sem hér segir:

Á árinu 2009 ..... kr. 45.600.  
Á árinu 2010 ..... kr. 46.800.

**4. grein**  
**Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót verður sem hér segir:

Á árinu 2010 ..... kr. 25.800.

**5. grein**  
**Starfsendurhæfingarsjóður**

Ný grein 11.4.1 bætist við og orðist svo:

Iðgjald launagreiðanda í starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

Jafnframt breytist heiti 11. kafla í „Fjölskyldu- og styrktarsjóður og iðgjöld í Starfsendurhæfingarsjóð“.

**6. grein**  
**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 14. ágúst 2009 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 7. júlí 2009

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

*Gunnar Björnsson (sign.)*  
*Helga Jóhannesdóttir (sign.)*  
*Ásgeir M. Kristinsson (sign.)*

F.h. Læknafélag Íslands  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Gunnar Ármannsson (sign.)*  
*Halldóra Ólafsdóttir (sign.)*  
*Björn Gunnlaugsson (sign.)*  
*Hjördís Þórey Þorgeirsdóttir (sign.)*